



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 26.02.2020

Kl.: 15:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Óvissustig vegna kórónaveiru (COVID-19)

Lýsing á atburði

Í lok desember 2019 bárust fregnir af alvarlegum lungnasýkingum í Wuhan-borg í Kína. Í kjölfarið var staðfest að um áður óþekkt kórónaveirufbrigði er að ræða, sem nú kallast COVID-19. Staðfest er að veiran smitast á milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum.

Á Íslandi er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur influensu. Ef svo ber undir má virkja Landsáætlun-sóttvarnir hafna og skipa, og Landsáætlun –alþjóðflugvellir samhliða Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Enginn einstaklingur hefur enn sem komið er greinst á Íslandi.

Samantekt

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir. [Sjá upplýsingasíðu](#)
- Landspítalinn Sýkla og veirufræðideild- sýkingavarnadeild
- Heilsugæslahöfuðborgarsvæðisins
- Rauði Krossinn
- Landsbjörg
- Heilbrigðisstofnanir
- Heilsuvera
- Læknavaktin
- Flugsamgöngur um alþjóðflugvelli og skipaumferð um skilgreindar hafnir
- Vegagerðin
- Samtök atvinnulífsins og sérstaklega SAF.
- Lyfjastofnun
- Landhelgisgæsla Íslands
- Tollgæslan
- Utanríkisráðuneytið

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 27. febrúar 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 82.132 einstaklingum og um 2.801 einstaklingar hafa látist (3,4%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 33.212 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála. Nýgreindum tilfellum innan Kína fer nú fækkandi en hins vegar er veiran að greinast í fleiri löndum og fer fjölgandi innan nokkurra landa einkum Ítalíu og Suður-Kóreu. Flestar sýkingar í Evrópu í dag má rekja til Ítalíu.

Tilfelli hafa greinst á eftirfarandi svæðum:

Afríka: Alsír (1) and Egyptaland (1).

Asía: Kína (78 528), Hong Kong (91), Macao (10), Suður Kórea (1 595), Japan (186), Íran (139), Singapore (93), Taíland (40), Bahrain (33), Taíwan (32), Kuwait (26), Malasía (22), Víetnam (16), Sameinuðu arabísku furstadæmin (13), Írak (5), Oman (4), Indland (3), Filippseyjar (3), Ísrael (2), Líbanon (2), Pakistan (2), Afganistan (1), Kambodía (1), Nepal (1) og Sri Lanka (1).

Ameríka: Bandaríkin (59), Kanada (12) and Brasilía (1).

Evrópa: Ítalía (400), Þýskaland (21), Frakkland (17), Bretland (13), Spánn (12), Austurríki (2), Króatía (2), Finnland (2), Rússland (2), Svíþjóð (2), Belgía (1), Danmörk (1), Georgía (1), Grikkland (1), Norður Makedónía (1), Noregur (1), Rómánía (1) and Sviss (1).

Ástralía (23).

Annað: Skemmtiferðaskip við Japan (705).

Flest tilfelli (97%), eða 78.190 hafa greinst í Kína. Af þeim 381 einstaklingum sem greinst hafa í Evrópu hafa 322 smitast innan Ítalíu. [Sjá nánar.](#) [Sjá einnig áhættumat ECDC.](#)

Ísland

- Enginn einstaklingur hefur greinst á Íslandi.
- Daglega bætast við lönd sem tilkynna um tilfelli COVID-19., þar á meðal nokkur grannríkja Íslands. Vaxandi líkur eru því taldar á að veiran eigi eftir að greinast hér á landi en allra ráða er beitt til að hefta komu hennar.
- Hér á landi hafa nú 46 sýni verið rannsökuð af sýkla og veirufræðideild Landspítalans. Reyndust þau öll neikvæð.
- Þó að veiran geti fundist hjá einkennalausum einstaklingi þá er talið ólíklegt að þeir smiti aðra þó það geti gerst í stöku tilfellum.
- Í gær var tilkynnt um skilgreind áhættusvæði með mikla og litla smitáhættu og **er það mat óbreytt**. Svæði með mikla smitáhættu **eru Kína, fjögur héruð á Norður Ítalíu (Lombardía, Venetó, Emilia Rómanja og Píemonte), Suður-Kórea og Íran.** [Sjá skilgreiningu nánar.](#) [Sjá nánar frétt 27.02.2020.](#)
- Athugið að þeir sem keyra í gegn um þessi svæði en dvelja ekki á þeim þurfa ekki að fara í sóttkví. Sem dæmi ef flogið er til eða frá þessum svæðum eftir að hafa verið á skíðasvæði fyrir utan þessi héruð þá þarf ekki sóttkví.
- Einstaklingum sem dvalist hafa á H10 Costa Adeje Palace hótelinu á Tenerife á Spáni eftir 17. febrúar sl. er ráðlagt að dveljast í sóttkví í alls 14 daga. Að öðru leyti er Tenerife ekki skilgreint sem áhættusvæði.
- Alls hafa 4 einstaklingar greinst á Tenerife og allir á ofangreindu hóteli
- Neytendastofa hefur birt á vef upplýsingar um afpöntun og aflýsingu pakkaferðar <https://www.neytendastofa.is/um-okkur/frettir-og-tilkynningar/frett/2020/02/26/Afpontun-og-aflysing-pakkaferdar/>
- Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins [opnað sérstakan gagnagrunn](#) fyrir Íslendinga erlendis sem óska eftir að vera á skráðir hjá utanríkisráðuneytinu og upplýstir um ferðaráð vegna COVID-19 veirunnar á meðan á dvöl þeirra stendur. Í morgun höfðu yfir eitt þúsund einstaklingar verið skráðir í grunninn.
- Aðgerðir á alþjóðhöfnum. Á Keflavíkflugvelli, á Akureyri og á Seyðisfirði eru sendar upplýsingar til farþega. Á flugvöllunum hafa viðbragðsáætlanir verið uppfærðar.
- Upplýsingateymi samhfingarástöðvar vinnur að áframhaldandi upplýsingamiðlun fyrir mismunandi markhópa.
- Stöðufundur fyrir fjölmiðla verður haldinn í dag kl. 15:30 í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14.
- Næsti stöðufundur í samhfingarástöð almannavarna verður á morgun föstudaginn 27. febrúar kl. 08:15

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Samhæfir aðgerðir í samstarfi við sóttvarnalækni/embætti landlæknis Almannavarnastig er óbreytt: unnið er á óvissustigi- Landsáætlun um heimsfaraldur inflúensu. Vinnuhópur ríkislögreglustjóra vinnur að greiningu á hugsanlegum aðgerðum sem miða að því að stemma stigu við komu ferðamanna frá áhættusvæðum.
Sóttvarnalæknir/embætti landlæknis
Unnið að samhæfingu aðgerða, leiðbeiningum og efni fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, ferðaþjónustuna og atvinnulífið . Upplýsingar eru uppfærðar og nýjar leiðbeiningar settar inn eftir þörfum. Sjá nánar . Áhættumat sóttvarnalæknis fyrir Ísland er samhljóða áhættumati Sóttvarnastofnunar Evrópu. Unnið er að því að uppfæra Landsáætlun- heimsfaraldur inflúensu í samvinnu við avd-RLS .
Landspítalinn – Sýkla og veirufræðideild-sýkingavarnadeild.
Situr daglega samráðsfundi SVL með samhæfingarstöð almannavarna. Í dag hafa 46 einstaklingar verið rannsakaðir af sýkla og veirufræðideild.m.t.t. hinnar nýju kórónaveiru og var enginn þeirra með veiruna.
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) / Heilsuvera.is
Umdæmis og svæðislæknir (Umd/Svæ)-SVL á höfuðborgarsvæðinu situr reglulega. samráðsfundi með SVL.
Alþjóðaflugvellir, Keflavík, Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík. Sóttvarnahafnir.
Upplýsingum er miðlað til farþega og starfsmanna. Landhelgisgæslan sendir upplýsingar til erlendra skipa sem eru á leið til hafnar á Íslandi og fer yfir farþegalista ásamt Tollgæslunni. Mikil áhersla er að ná til farþega sem koma til landsins. Sent SMS til komufarþega Keflavík, Akureyri og Norrænu á Seyðisfirði.
Ferðaþjónustuaðilar
Ferðamálastofa og Samgöngustofa dreifa upplýsingum í gegn um sína gagnagrunna til ferðaþjónustuaðila. Fundur um viðbragðsáætlanir hafna og flugvalla var 24. febrúar.
Heilbrigðisstofnanir og lögregla á landsbyggðinni
Umdæmin eru vel undirbúin skv. viðbragðsáætlunum. Næsti samráðsfundur SVL og lögreglustjóra umdæmanna verður þriðjudaginn 3. mars.
Læknavaktin
Miðlar upplýsingum og tryggir svörun 24/7. Símaþjónusta 1700. Fyrir erlend símanúmer +354 544-4113. Læknavaktin hefur fengið mikið af fyrirspurnum varðandi veiruna, m.a. vegna ferðalaga erlendis. Hafa samráð við HH um að tryggja aðgang að vakthafandi lækni.
Rauði Krossinn
Unnið er að þarfagreiningu v/einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn í hverju sóttvarnaumdæmi. Unnið í samvinnu við Landspítala. Rauði krossinn veitir sálfélagslegan stuðning við fjölskyldur sem eru í sóttkví. Virkjaður hefur verið samráðshópur áfallahjálpar sem skráir inn upplýsingar í aðgerðagrunn yfir stöðu mála.
Landsbjörg
Miðlar upplýsingum til ferðamanna á www.safetravel.is . Vinnur að því að skrá nýja aðila inn í aðgerðagrunn SAR-EYE.
Utanríkisráðuneytið.
Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur opnað sérstakan gagnagrunn fyrir Íslendinga erlendis sem óska eftir að vera á skráðir hjá utanríkisráðuneytinu og upplýstir um ferðaráð vegna COVID-19 veirunnar á meðan á dvöl þeirra stendur. Sendiráð Íslands í Peking er í sambandi við Íslendinga í Kína, m.a. þá sem hafa skráð sig á netfanginu help@mfa.is . Borgarþjónustan hefur frá því COVID-19 veiran tók að breiðast út átt í reglubundnu samráði við borgarþjónustur Norðurlandanna.
Lyfjastofnun
Er í samskiptum við Lyfjastofnanir erlendis og fylgist með birgðum nauðsynlegra lyfja. Ekkert bendir til lyfjaskorts hérlendis af völdum COVID-19 enn sem komið er. Sjá nánar frétt á vef Lyfjastofnunar .